# Samantekt frá farsældarþingi



Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

FARSÆLD BARNA

Farsældarþing var haldið í Hörpu 4. september.

- 1204 þátttakendur skráðu sig á þingið, annars vegar í Hörpu og hins vegar á Teams.

Þátttakendur komu frá hinum ýmsu áttum eins og sjá má á kökuritinu hér til hægri.

- Fyrirvari er þó við þessar upplýsingar enda var ekki fylgst með nákvæmri mætingu á þingið sjálft.
- Rúmlega helmingur skráðra þátttakenda tók þátt í umræðum.



FARSÆLD BARNA

Umræðurnar byggðu á fimm grunnstoðum farsældar:

- Menntun.
- Lífsgæði og félagsleg staða.
- Heilsa og vellíðan.
- Öryggi og vernd.
- Þátttaka og félagsleg tengsl

**Hvert borð/herbergi tilgreindi 1-2 markmið undir hverri grunnstoð auk aðgerða við hvert markmið og ábyrgðaraðila við hverja aðgerð.**

- 604 markmið og 1.347 aðgerðir komu frá þinginu.
- Í kjölfarið fór fram opin umræða um áskoranir og tækifæri undir hverri grunnstoð.

**Mikilvægt er að hafa í huga að um er að ræða niðurstöður frá þinginu sjálfu og það sem kom fram frá þátttakendum þess.**

- Í kjölfarið verður unnið áfram með niðurstöðurnar við gerð framkvæmdaáætlunar í farsæld.



# Grunnstoðir farsældar og undirflokkar

| MENNTUN | LÍFSGÆÐI OG FÉLAGSLEG STAÐA | HEILSA OG VELLÍÐAN | ÖRYGGI OG VERND | ÞÁTTTAKA OG FÉLAGSLEG TENGSL |
|---|---|---|---|---|
| Færni | Efnisleg lífsgæði | Líkamleg heilsa | Ofbeldi og vanræksla | Virkni |
| Líðan í skóla | Fjölskyldulíf | Geðheilsa | Öryggi | Almenn þátttaka |
| Aðgengi að menntun | | | Áhættuhegðun | Samfélagsmiðlar |
| | | | | Vinátta |



FARSÆLD BARNA



| MENNTUN | Aðgerðir | Markmið aðgerða |
|---|---|---|
| Færni | Kallað er eftir nútímavæðingu náms, eflingar menntunar kennara og íslenskunáms. Kallað er eftir því að fjölga menntuðum leikskólakennurum og leikskólarýmum. | *Efla færni barna á jöfnum grundvelli.* |
| Líðan í skóla | Kallað er eftir úrbótum sem snúa að geðrækt og fræðslu. Kallað er eftir auknum áhrifum barna. | *Bæta líðan barna innan veggja skóla og að raddir barna séu virtar og hafi áhrif.* |
| Aðgengi að menntun | Kallað er eftir því að fjármagn verði aukið til framhaldsskólanna og sveigjanleiki náms aukinn. Kallað er eftir betra samtali milli kerfa og fagaðila. | *Tryggja jafnt aðgengi að menntun og að markmið menntunar séu skýr.* |

FARSÆLD BARNA

| LÍFSGÆÐI OG FÉLAGSLEG STAÐA | **Aðgerðir** | **Markmið aðgerða** |
|---|---|---|
| Efnisleg lífsgæði | Kallað var eftir tekjujafnandi aðgerðum, s.s. ókeypis skólamáltíðir í grunnskóla, fríar samgöngur fyrir öll börn, frítt í sund út grunnskóla og fría menningarviðburði. | *Jafna tækifæri barna óháð efnahagi fjölskyldunnar.* |
| Fjölskyldulíf | Kallað var eftir stuðningi við fjölskylduna og samverustundir hennar. Kallað var eftir eflingu mæðraverndar, stuðning við foreldra og bættu fjármagni. | *Efla tengsl fjölskyldunnar frá upphafi ævi barns.* |



FARSÆLD BARNA



| HEILSA OG VELLÍÐAN | **Aðgerðir** | **Markmið aðgerða** |
|---|---|---|
| Líkamleg heilsa | Kallað er eftir fræðslu um mikilvægi næringu, svefn, hreyfingu og heilsueflandi lífstíll. Kallað er eftir því að gera hreyfingu hluta af skólastarfinu á fjölbreyttari hátt. | *Efla þekkingu á líkamlegri heilsu í nærumhverfi barna.* |
| Geðheilsa | Kallað er eftir fræðslu og betra aðgengi að fagaðilum. Kallað er eftir auknu fjármagni í geðheilbrigðisþjónustu úrræði barna. | *Jafna tækifæri barna óháð efnahagi fjölskyldunnar og stuðla að vellíðan barna.* |

FARSÆLD BARNA



| ÖRYGGI OG VERND | **Aðgerðir** | **Markmið aðgerða** |
|---|---|---|
| Ofbeldi og vanræksla | Kallað er eftir aukinni fræðslu um ofbeldi, vanrækslu og áhættuhegðun og að upplýsingaflæði milli foreldra og þjónustuaðila verði bætt. | *Leggja grunninn með fræðslu og samstarfi fagaðila í þágu barna.* |
| Öryggi | Kallað er eftir bættri gæslu í frímínútum og bættri salernisaðstöðu. Kallað er eftir fræðslu til barna um öryggi, vanlíðan, mörk og samþykki. Kallað er eftir aukinni fræðslu og sýnileika lögreglu. | *Bæta öryggi barna, bæði innan veggja skólans en einnig í samfélaginu.* |
| Áhættuhegðun | Kallað er eftir úrræðatorgi og skýrara verklagi og skráningu. Kallað er eftir fjölgun sérfræðinga og úrræða á öllum stigum. | *Efla kerfið í kringum farsæld barna.* |

FARSÆLD BARNA



| ÞÁTTTAKA OG FÉLAGSLEG TENGSL | **Aðgerðir** | **Markmið aðgerða** |
|---|---|---|
| Virkni | Kallað er eftir að raddir barna verði efldar auk ungmenna- og nemendaráða. | *Efla raddir barna í samfélaginu og að börn hafi raunveruleg áhrif á sitt umhverfi.* |
| Almenn þátttaka | Kallað er eftir bættu upplýsingaflæði og þekkingu á frístundastarfi. Íþrótta- og tómstundastarf verði eflt, úrvalið aukið og aðgengi jafnað á öllu landinu. | *Efla þátttöku barna í frístundar-, íþrótta- og tómstundarstarfi á jöfnum grundvelli.* |
| Samfélagsmiðlar | Kallað er eftir fræðslu um netöryggi og jákvæð og neikvæð áhrif samfélagsmiðla. Kallað er eftir auknu samstarfi og skýru verklagi. | *Sameina stefnu stjórnvalda og heimila um notkun og áhrif síma og samfélagsmiðla á börn.* |
| Vinátta | Kallað er eftir félagsfærniþjálfun, fræðslu um fordóma, samskipti og einelti. Kallað er eftir fleiri tækifærum fyrir börn til að efla félagstengsl. | *Efla félagsfærni barna á jákvæðan máta.* |

FARSÆLD BARNA

Stjórnarráð Íslands
Mennta- og barnamálaráðuneytið

| Tækifæri | Áskoranir |
| --- | --- |
| Aukin samvinna og samstarf | Samvinna og samstarf |
| Valdefling | Upplýsingamiðlun |
| Fræðsla | Virkja samfélagið í kringum barnið |
| Jafna tækifæri/þjónustu | Ójöfnuður |
| Nýjar og breyttar áherslur | Bregðast við ólíkum þörfum barna |
| Snemmtæk íhlutun og samþætting þjónustu | Fjármagn |
| Aukin aðkoma fagaðila | Starfsmannavelta og skortur á fagfólki |
| Bregðast við vanlíðan barna og ungmenna | Geðheilbrigði, úrræðaleysi og biðlistar |
| Bæta öryggi barna | Fordómar og hatursorðræða |
| Bæta umgjörð um samfélagsmiðla og skjánotkun | Svefn, heilsa og félagsfærni barna |
| Efla frístundar- og félagsmiðstöðvarstarf | Betri samþætting skóla- og frístundastarfs |
| Auka áhrif barna | |

